

Sp. 404. Tillaga til þingsályktunar [202. mál]

um aukna vernd fiskstofnanna á helztu hrygningarsvæðum við Ísland.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar nefnd, er falið sé að vinna að tillögum um aukna vernd fiskstofnanna gegn ofveiði og rányrkju á hinum þýðingarmestu hrygningarsvæðum umhverfis Ísland. Nefndin skal skipuð fulltrúum útgerðarmanna, skipstjóra og sjómanna, auk þeirra fiskifræðinga, er rétt þykir, að eigi þar sæti.

Greinargerð.

Þótt góður árangur hafi náðst af útfærslu fíksveiðilandhelginnar 1958, fer fjarri því, að þar megi nema staðar í þeirri viðleitni að hindra ofveiði og rányrkju á fiskimiðunum umhverfis landið. Það er m. a. eftir sem áður staðreynd, að mikil hætta vofir enn yfir fiskstofnunum vegna rányrkju á ýmsum helztu hrygningarsvæðunum umhverfis landið, og það ekki aðeins þeim, sem eru utan tólf mílna markanna. Þess vegna er það mikil nauðsyn, að þegar verði hafizt handa um aukna friðun þessara svæða jafnt utan sem innan fiskveiðilandhelginnar.

Tillaga sú, sem hér er flutt, er að mestu leyti samhljóða ályktun, sem samþykkt var á nýloknum fundi Landssambands íslenskra útvegsmanna. Í þeirri ályktun var skorað á Alþingi að fela nú þegar sérstakri nefnd það verkefni, er tillaga þessi fjallar um.